

Nd.

5. Frumvarp til laga

um rannsókn skattamála.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Stefán Jón Stefánsson, Sigfús Sigurhjártarson.

1. gr.

Landinu skal skipta í fjögur rannsóknarumdæmi skattamála, enda skal dómsmálaráðherra ákveða takmörk þeirra. Til rannsóknar mála varðandi tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt hverjum þeim lögum, sem um þau efni eru sett eða verða sett, skipar dómsmálaráðherra í hverju umdæmi lögfræðing, er hafi heimild til að halda dómþing og stefna fyrir sig vitnum og yfirheyra þau og dómkveðja menn til skoðunar eða mats hvar sem vera skal í umdæmi hans, svo og til að framkvæma allar nauðsynlegar dómsathafnir í þarfir rannsóknar að hætti opinberra mála. Í umdæmi því, sem Reykjavík er í, má skipa 2 eða 3 rannsóknardómara, er þó þurfa eigi allir að vera löglærðir, og ákveður dómsmálaráðherra starfssvið þeirra.

2. gr.

Rannsóknardómarar í skattamálum hefja rannsókn af sjálfsdáðum, ef þeim þykir nauðsyn til bera, eða að fyrir lagi dómsmálaráðherra eða fjármálaráðherra eða eftir kröfu skattanefndar (skattstjóra), yfirsattanefndar eða ríkisskattanefndar. Að rannsókn lokinni sendir rannsóknardómari þeim aðila, er átt hefur frumkvæði að rannsókn, og fjármálaráðherra, ef dómari hefur framkvæmt rannsókn af sjálfsdáðum, eftirrit af rannsókn með greinargerð um niðurstöðu, enda hlutast hver téðra aðila um frekari afgreiðslu máls lögum samkvæmt.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af framkvæmdum lögum þessum samkvæmt.

4. gr.

Lög þessi skal endurskoða fyrir reglulegt Alþingi 1945. Þau öðlast þegar gildi, og er 11. gr. laga nr. 20 frá 20. maí 1942 frá sama tíma úr gildi fallin.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er samhljóða frv., sem ríkisstjórnin flutti á síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Flm. hafa kynnt sér, að ríkisstjórnin hefur eigi í hyggju að leggja frv. fyrir að svo stöddu. Hins vegar þykir flm. rétt, að mál þetta komi nú fram. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð á síðasta Alþingi:

„Mjög þykir á það skorta, að tekjur manna og eignir komi fram til álagningar tekjuskatts og eigna. Þykir því sýnt, að skattstjórnarvöld þurfi aðstoðar í starfi sínu, og að sú aðstoð muni bezt veitt með atbeina manna, er dómsvald hafi til rannsóknar einstakra mála, þar sem skattstjórnarvöld telja ástæðu til. Einn maður sýnist alls ekki munu komast yfir öll slík rannsóknarmál um land allt. Fyrir því er lagt til, að landinu verði skipt í rannsóknarumdæmi með rannsóknardómara í hverju þeirra. Ósýnt er, hversu fyrir mæli laga þessara reynast, enda kann reynslan að sýna, að önnur skipun muni hentugri, og er því lagt til, að ákvæði frv., ef það verður að lögum, skuli endurskoða. Má ætla, að nokkur reynsla verði fengin árin 1943 og 1944, og sýnist því hentugt, að endurskoðun á lögnum fari fram eigi síðar en fyrir reglulegt Alþingi 1945.

Hallkvæmt þykir að setja ákvæði um rannsókn skattamála í sérstökum lögum. Sýnist ekki fallið að láta endurskoðun á 11. gr. laga nr. 20/1942 biða eftir þeim breytingum eða aukum, sem við gildandi skattalög kunna að verða gerðar á þessu ári eða síðar.“